Samanburður á neyslutölum og neysluviðmiðum

Í grein Morgunblaðsins þar sem borin eru saman neysluviðmið, sem notuð voru við vinnu sérfræðingahóps forsætisráðuneytisins, er oft erfitt að átta sig nákvæmlega á því hvort samanburðurinn sé marktækur eða hvort verið sé að bera saman epli og appelsínu. Hér fyrir neðan er reynt að eins einfaldan hátt og mögulegt er að skýra þennan samanburð.

Aðferðin, sem sérfræðingahópur forsætisráðuneytisins notaði við útreikning á getu fólks til greiðslu húsnæðiskostnaðar, var að taka tölur umboðsmanns skuldara um framfærsluviðmið og margfalda með 1,5. Fyrir heimili með bifreið var bæta við kr. 41.000. Með þessu fengust áætluð útgjöld hvers heimilis áður en kom að húsnæðiskostnaði. Tekið skal skýrt fram að umboðsmaður skuldara notar EKKI sínar tölur beint, heldur er sérstaklega gert ráð fyrir nokkrum kostnaðarliðum í framfærslu útreikningi. T.d. bætast 6.900 kr. á mánuði, ef barn notar bleiju og síðan er sérstaklega gert ráð fyrir föstum liðum í framfærslu s.s. rafmagni, hita, dagvistun, húsaleigu, fasteignagjöldum og fleiru samkvæmt greiðsluseðlu. En þar sem ekki er verið að skoða framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara, þá eru tölu hans bara til viðmiðunar.

Fulltrúi Hagsmunasamtaka heimilanna í sérfræðingahópnum hélt stíft fram þeirri skoðun að viðmið hópsins væri of lágt. Neyslukostnaður væri mun hærri og studdist m.a. við Hagtíðindi Hagstofu Íslands frá 11. desember 2009. Taldi hann að lágmarksframfærslukostnaður væri tvöföld grunntala umboðsmanns skuldara og síðan þyrfti að skoða 20% frávik í báðar áttir frá henni.

Í tölunum hér fyrir neðan eru farnar þrjár leiðir við útreikning á framfærslukostnaði og er hvorug réttari en hin. Ein gerir hvorki ráð fyrir kostnaði við eigin bifreið né húsnæði, sú næsta bætir bifreiðinni við og sú síðasta tekur þetta hvorutveggja inn. Samsvarar sú fyrsta þeim kostnaðarliðum sem falla undir grunnviðmið velferðarráðuneytisins, meðan sú síðasta er samanburðarhæf við bæði dæmigert og skammtímaviðmið ráðuneytisins. Þeirri í miðið er bætt við, þar sem margar fjölskyldur eru kannski ekki með það á hreinu hver bifreiðarkostnaðurinn er, en þekkja betur húsnæðiskostnað.

Án húsnæðis og bifreiðar
Til að hafa tölur alveg sambærilegar, þá eru tekinn kostnaður vegna neyslu þriggja flokka samkvæmt útgjaldaflokkun ráðuneytisins, þ.e. neysluvörur, þjónusta og tómstundir. Við þetta er síðan bætt samgöngukostnaði samkvæmt grunnviðmiði, en það mun vera kostnaður við almenningssamgöngur. Með þessu ættu kostnaðarliðir að vera nokkurn veginn þeir sömu í útreikningi velferðarráðuneytisins og sem notaðir voru í vinnu sérfræðingahópsins.

Einstaklingur:
Umboðsmaður skuldara kr. 58.100 (síðan er gert sérstaklega ráð fyrir föstum liðum í framfærslu s.s. rafmagni, hita, dagvistun, húsaleigu, fasteignagjöldum og fleiru samkvæmt greiðsluseðlu)
Sérfræðingahópur kr. 87.150
Viðmið HH kr. 116.200
Skammtímaviðmið kr. 68.035 + 5.600 v/almenningssamgangna = 73.635
Grunnviðmið kr. 86.530 (almenningssamgöngur eru inni í tölunni)
Dæmigert viðmið kr. 133.536 + 5.600 v/almenningssamgangna = 139.136

Hjón með tvö börn:
Umboðsmaður skuldara kr. 157.200 (síðan er gert sérstaklega ráð fyrir föstum liðum í framfærslu s.s. rafmagni, hita, dagvistun, húsaleigu, fasteignagjöldum og fleiru samkvæmt greiðsluseðlu)
Sérfræðingahópur kr. 235.800
Viðmið HH kr. 314.400
Skammtímaviðmið kr. 231.265 + 22.400 v/almenningssamgangna = 253.665
Grunnviðmið kr. 286.365 (almenningssamgöngur eru inni í tölunni)

Dæmigert viðmið kr. 369.443 + 22.400 v/almenningssamgangna = 391.843

Munurinn á neyslutölum sérfræðingahópsins og dæmigerðu viðmiði er um kr. 52.000 eða tæp 60% meðan aðeins munar rúmum 23.000 kr. á neyslutölu fulltrúa HH í hópnum og dæmigerða viðmiðinu eða tæpum 20%.

Áhugavert er að sjá, að framfærsla einstaklings er álíka há hjá meirihluta sérfræðingahópsins og grunnviðmið ráðuneytisins, en er innan við 83% hjá fjölskyldu með 2 börn. Raunar gerði meirihluti sérfræðingahópsins ekki einu sinni ráð fyrir að framfærsla fjögurra manna fjölskyldunnar næði skammtímaviðmiði ráðuneytisins.

Með bifreið
Tekið skal fram að í vinnu sérfræðingahópsins var verið að áætla getu hvers heimilis til að standa undir greiðslubyrði lána út frá tekjum. Hafa skal í huga, að greiðslubyrði húsnæðislána er mjög misjöfn og því getur hreinlega verið villandi að segja einhverja tiltekna greiðslubyrði vera dæmigerða. Tölunum hér fyrir neðan skal því tekið með varúð. Þær segja ekki til um hvaða ráðstöfunartekjur heimili þurfa að hafa, heldur eru einhvers gengið út frá meðaltalsgreiðslubyrði. Af þeirri ástæðu getur verið betra fyrir fólk að skoða neysluviðmið áður en kemur að húsnæðiskostnaði. Er það gert hér.

Einstaklingur:
Umboðsmaður skuldara kr. 99.100 (síðan er gert sérstaklega ráð fyrir föstum liðum í framfærslu s.s. rafmagni, hita, dagvistun, húsaleigu, fasteignagjöldum og fleiru samkvæmt greiðsluseðlu)
Sérfræðingahópur kr. 128.150
Viðmið HH kr. 157.200
Skammtímaviðmið kr. 133.231
Grunnviðmið kr. 80.930 + 65.196 = 146.126
Dæmigert viðmið kr. 218.960

Hjón með tvö börn:
Umboðsmaður skuldara kr. 198.200 (síðan er gert sérstaklega ráð fyrir föstum liðum í framfærslu s.s. rafmagni, hita, dagvistun, húsaleigu, fasteignagjöldum og fleiru samkvæmt greiðsluseðlu)
Sérfræðingahópur kr. 276.800
Viðmið HH kr. 355.400
Skammtímaviðmið kr. 330.960
Grunnviðmið kr. 263.965 + 99.694 = 363.659
Dæmigert viðmið kr. 491.349

Í grunninn eru þetta sömu tölur og áður að viðbættum bifreiðakostnaði. Við tölur sem byggðar eru á gögnum umboðsmanns skuldara er bætt við kr. 41.000, bifreiðakostnaður vegna skammtíma- og dæmigerða viðmiðsins er tekinn beint út skýrslu velferðarráðuneytisins, en fyrir grunnviðmið er bifreiðakostnaður skammtímaviðmiðsins notaður.

Hér er áhugavert að sjá, hvað umboðsmaður skuldara virðist vanmeta kostnað við bifreið ótrúlega mikið. Þetta verður til þess að skekkjan sem kom fram í samanburðinum án bifreiðakostnaðar er orðin ennþá meiri.

Með bifreið og húsnæði
Varla er hægt að vera með beinan samanburð milli framfærslukostnaði byggðum á tölum umboðsmanns skuldara og tölum velferðarráðuneytisins. Ástæðan liggur einfaldlega í því að húsnæðiskostnaður er metinn samkvæmt greiðsluseðlum hjá umboðsmanni. Hér verður samt gerð tilraun. Við tölur umboðsmanns skuldara, sérfræðinga hóps, HH og grunnviðmið er bætt

húsnæðiskostnaði frá skammtímaviðmiði eða 67.901 kr. fyrir einstakling og 116.584 fyrir hjón. Dæmigerður húsnæðiskostnaður fyrir einstakling er samkvæmt tölum ráðuneytisins kr. 72.972 og 126.261. Í heildartölunni er þetta því bitamunur en ekki stærðarmunur.

Einstaklingur:
Umboðsmaður skuldara kr. 167.001 (síðan er gert sérstaklega ráð fyrir föstum liðum í framfærslu s.s. rafmagni, hita, dagvistun, húsaleigu, fasteignagjöldum og fleiru samkvæmt greiðsluseðlu)
Sérfræðingahópur kr. 196.051
Viðmið HH kr. 225.101
Skammtímaviðmið kr. 201.132
Grunnviðmið kr. 80.930 + 65.196 + 67.901 = 214.027
Dæmigert viðmið kr. 291.932

Hjón með tvö börn:
Umboðsmaður skuldara kr. 314.784 (síðan er gert sérstaklega ráð fyrir föstum liðum í framfærslu s.s. rafmagni, hita, dagvistun, húsaleigu, fasteignagjöldum og fleiru samkvæmt greiðsluseðlu)
Sérfræðingahópur kr. 393.384
Viðmið HH kr. 471.984
Skammtímaviðmið kr. 447.544
Grunnviðmið kr. 263.965 + 99.694 + 116.584 = 480.243
Dæmigert viðmið kr. 617.610

Tölur Hagstofunnar

Í Hagtíðindum tölublaði 3 2009 eru teknar saman upplýsingar um neyslu heimilanna byggðar á neyslukönnun Hagstofunar 2006 – 2008. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2008 og því má reikna með að þær hafi síðan hækkað um minnst 10% vegna verðbólgu. Mjög áhugavert er að sjá, að neysla fer ekki svo mikið eftir tekjum, þ.e. að þrír lægstu tekjuhóparnir (af fjórum) eru með mjög svipaða neyslu á hverju neyslueiningu. (Neyslueining er skilgreind þannig að fyrsti fullorðni einstaklingur á heimili teljst 1,0 neyslueining, aðrir fullorðnir 0,7 einingar hver, börn 13 ára og eldri 0,7 einingar hvert og börn upp að 13 ára aldri 0,5 einingar hvert.) Meðalneysla lægsta tekjuhópsins er meira að segja meiri en þess næst lægsta. Einnig kemur í ljós að meðalneysla hóps nr. 3 (þess næst tekjuhæsta) er 35.000 kr. undir meðalneyslu allra tekjuhópa. Þetta þýðir að tekjuhæsti hópurinn heldur uppi meðaltalinu.

Meðalneysla hópanna á mánuði er sem hér segir:

1. tekjuhópur: 203.346 kr. (í 2008 krónum), u.þ.b. 223.680 kr. að núvirði

2. tekjuhópur: 201.484 kr. (í 2008 krónum), u.þ.b. 221.630 kr. að núvirði

3. tekjuhópur: 223.774 kr. (í 2008 krónum), u.þ.b. 246.150 kr. að núvirði

4. tekjuhópur: 284.284 kr. (í 2008 krónum), u.þ.b. 312.710 kr. að núvirði

Einhleypingar: 256.069 kr. (í 2008 krónum), u.þ.b. 281.670 kr. að núvirði

Barnlaus hjón: 290.914 kr. (í 2008 krónum), u.þ.b. 320.000 kr. að núvirði

Hjón með börn: 207.085 kr. (í 2008 krónum), u.þ.b. 227.800 kr. að núvirði (2 börn að meðaltali á heimili)

Einstæðir foreldrar: 185.360 kr. (í 2008 krónum), u.þ.b. 203.900 kr. að núvirði (1,6 börn að meðaltali á heimili)

Meðalneysla: 226.705 kr. (í 2008 krónum), u.þ.b. 249.370 kr. að núvirði

Samkvæmt tölum Hagstofunnar er neysla á hvern einstakling mjög mismunandi eftir heimilisgerð.

Marinó G. Njálsson tók þetta saman.